

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

1. Skráning , 15.547 kr.
2. Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald, 26.832 kr.
3. Bráðabirgðaskráning , 3.612 kr.

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund, 25.284 kr.

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 1. og 2. gr.

3. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009.

Við umsókn um skráningu kattar er innheimt gjald að upphæð 3.148 kr.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending, 21.352 kr.

Önnur afhending, innan tveggja mánaða, 30.134 kr.

Þriðja afhending, innan tveggja mánaða, 39.113 kr.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

Ef eigandi gefur sig ekki fram innan sjö sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallin kostnað er heimilt að aflífa köttinn, sbr. 8. gr. samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009

5. gr.

Gjalddagar skv. ofanskráðu eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar eru 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra- leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 2. gr. gjaldskrár þessarar.

7. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað:

1. Verð pr. sólarhring fyrir dýr, 3.457 kr.

Auk þess skal greiða áfallinn kostnað vegna dýrafæðis.

Dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu dvalar-, geymslu- og fæðiskostnaðar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, samanber annars vegar samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, og hins vegar samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 587/2009, til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1645/2024.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn 3. desember 2025.

Selfossi, 3. desember 2025.

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.